

97. aðalfundur hestamannafélagsins Fáks

var haldinn miðvikudaginn 5.apríl 2017 í félagsheimili Fáks

1. **Hjörtur Bergstað, formaður Fáks, setti fundinn og minnist látinna félaga.**
2. **Kosning starfsmanna (fundarstjóri og fundarritari):**
Hjörtur lagði til að Sigurbjörn Magnússon yrði fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Sigurbjörn tók þegar til starfa og lagði til að Helga Björg Helgadóttir yrði fundarritari og var það einnig samþykkt samhljóða og tók hún strax til starfa. Sigurbjörn hafði kynnt sér boðun fundarins og sagði hana í samræmi við samþykktir félagsins og að því sögðu lýsti hann fundinn lögmaðan. Mættir eru 63 félagar.
3. **Hjörtur Bergstað, formaður Fáks, flutti skýrslu stjórnar og í máli hans kom m.a. fram eftirfarandi:**
 - a. Félagsheimilið á 30 ára afmæli um þessar mundir. Það var á sínum tíma byggt af félagsmönnum. Húsið var endurbætt síðastliðið haust, málað að innan og tæki í eldhúsi endurnýjuð. Fyrrum formenn þeir Birgir Rafn Gunnarsson og Valdimar Jónsson veittu ráðleggingar. Góð útleiga hefur verið á húsinu eftir endurbæturnar.
 - b. Einnig eru 30 ár síðan Reiðhöllin var tekin notkun. Árið 1986 var fyrstan skóflustungan tekin og húsið tekið í notkun ári síðar. Þessa verður minnst með stórsýningu Fáks 22.apríl nk. og dansleik á eftir í Reiðhöllinni. Unnið hefur verið að lagfæringum á húsinu og hefur félagið hefur notið stuðnings félagsmanna, þeirra Ásbjörns Björnssonar og Svafars Magnússonar.
 - c. Reiðveganefndin hefur unnið frábært starf undanfarin misseri undir forstu Guðrúnar Oddsdóttur sem farið hefur þar fremst meðal jafningja. Reiðvegurinn í gegnum Rauðhóla var byggður upp og lagfærður. Lýsing á Trippahringnum var sett upp síðastliðið haust.
 - d. Snjómokstur hefur gengið vel með traktornum sem keyptur var fyrir nokkrum árum.
 - e. Framkvæmdir fyrir LM 2018 eru byrjaðar, nú er unnið við áhorfendamön við Hvammssvöll sem verður lokið fyrir Reykjavíkurmeistaramótið í maí. Kynbótabrautin neðan félagsheimilis verður færð nær brekkunni. Upphitunarhringur verður settur austast inní stóra vellinum og mun hann nýtast öllum keppnisvöllum.
 - f. Deiliskipulag á Viðidalssvæðinu kom úr auglýsingu síðastliðinn föstudag athugasemdalaust. Þar er leyfi fyrir 2 reiðskemmum, efst í Atröð og við norðurgafi félagsheimilis. Einnig er leyfi fyrir sölu á hesthúslóðum innan svæðis, þar sem reiðgerðir er við félagsheimilið og á kerrustæðinu þar við hlíðina.
 - g. Neðri Fákshúsini, sem seld voru fyrir 20 árum verða rifin í sumar.
 - h. Til stendur að loka reiðleiðinni niður Elliðárdalinn, frá Stíflu og að Sprengisandi. Stjórn hefur sent inn mótmæli vegna niðurlagningar vegarins.

- i. Barna og unglingastarf í miklum blórla, verkefnið Fákar og fjör hefur tekist vel. Þó nokkur nýliðun, krökkum sem ekki hafa bakland hefur verið boðið uppá hesta og stuðning í félagshesthúsini. Mikið horft til þessa verkefnis af öðrum félögum.
- j. Yngri hópurinn sem verið hefur í Reiðhöllinni og Anna Lauga og synir hafa haldið utanum hefur einnig heppnast afar vel. Þar má sjá ný andlit í foreldrahópnum.

4. Marianna Gunnarsdóttir í forföllum gjaldkera Hrefnu M. Karlsdóttur kynnti ársreikning félagsins.

5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

- a. Fyrirspurn kom fram um mismun á færslu félagsgjálda milli ára. Marianna og Jón Finnur svöruðu að áður voru öll útsend félagsgjöld tekjufærð en nú væur aðeins greidd félagsgjöld færð til bókar.
- b. Sigurbjörn Bárðarson þakkaði stjórninni frábær störf. Minntist fyrri tíma, stórkostlegar framfarir orðið á svæðinu og þakkaði stjórninni vel unnin störf. Mikil uppbygging og umgengi á svæðinu væri til fyrirmynadar. Góðir formenn hefðu valist til starfa í gegnum tíðina og stjórnarmenn haldið félaginu uppi og veitt því brautargengi. Þakkaði stjórn og lýsti yfir ánægju með störf hennar.

Fjárhagsáætlun og reikningar reiðhallarinnar voru ekki lagðir fram vegna fjarveru gjaldkera. Jón Finnur Hansson framkvæmdastjóri fór lauslega yfir reikninga Reiðhallarinnar. Fjárhagsáætlun verður tekin fyrir á fyrsta stjórnarfundi og kynnt á heimsíðu félagsins. Reikningar bornir til atkvæða og samþykktir samhljóða.

6. Tillaga að árgjaldi

Stjórn lagði til að árgjald yrði hækkað úr 12.000 kr. í 13.000 kr. á ári. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosningar:

- a. Hjörtur Bergstað var sjálfkjörinn formaður félagsins fyrirnæsta starfsári.
- b. Kristrún Ágústsdóttir var sjálfkjörin gjaldkeri félagsins til næstu tveggja ára.
- c. Meðstjórnendur.
 - Kjósa þarf two meðstjórnendur til 2ja ára:
Í framboði voru 3 frambjóðendur, Íva Rut Viðarsdóttir, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir og Svaðar Magnússon. Frambjóðendur kynntu sig stuttlega úr ræðustól.
Kjörseðlar voru 63 og niðurstaða úr kosningum var að Sigurlaug Anna hlaut 51 atkvæði, Svaðar hlaut 44 atkvæði og Íva Rut hlaut 30 atkvæði.
Sigurlaug Anna og Svaðar voru því réttkjörnir meðstjórnendur til næstu tveggja ára.
- d. Skoðunarmenn ársreikninga
Sigurbjörn Bárðarson og Sæbör Fannberg voru sjálfkjörnir skoðunarmenn fyrir næsta starfsári.

8. Önnur mál.

- a. *Hjörtur Bergstað*, þakkaði traustið sem honum var sýnt með að fela honum formennsku í féluginu á næsta starfsári. Hann kynntilauslega nýtt skipulag svæðissins, sem felur m.a. í sér 20 x 70 m reiðskemmu við félagsheimilið sem tenging við kynbótabrautina og aðra reiðskemmu við A tröð þar sem hvíta gerðið stendur í dag. Þar er einnig heimild til að byggja hesthús. Húsin eiga m.a. að þjónusta mótaðald, svo sem á landsmótum. Verið að vinna að deiliskipulagi í Almannadal. Hugmynd stjórnar að félagið sjálf kæmi ekki að byggingu reiðskemmannna heldur einstaklingar sem myndu ávinna sér tíma á húsunum með fjármögnum. Bílastæðin við félagsheimilið væru ekki mikið notuð og þar stæði til að setja hestagerði, sem hægt væri að taka niður á stórvíðburðum. Leyfi fékkst einnig til að stækka Reiðhöllina og byggja þar hesthús.
- b. *Guðrún Oddsdóttir* spurði hvort eitthvað væri verið að vinna í málefnum gamla dýraspítala Watsons. *Hjörtur* svaraði að lítið væri hægt að gera þar sem hann er á einkalóð, verið væri að vinna í að bæta umgengni. Sorglegt væri að horfa uppá hvernig fyrir þessu er komið. Bentí fundarmönnum á að hafa samband við Heilbrigðiseftirlitið ef þeir væru ósáttir með ástand mála. Fyrirspurn kom um hvort húsið væri notað sem gistirými. Það var talið að svo væri.
- c. *Drífa Harðardóttir*, spurði hvenær áætlað sé að hefja byggingu reiðskemma. *Hjörtur* svaraði að það yrði vonandi á næsta ári.
- d. Fyrirspurn kom fram um svæðið innan í stóra vellinum. *Hjörtur* sagði að það hefði verið friðað en svo væri ekki lengur. Hugmyndir hefðu komið fram um að útbúa trecbraut innan í vellinum. Mikill áhugi væri hjá æskulýðsnefnd og fleium að gera brautir og þrautir á svæðinu.
- e. *Hjörtur* þakkaði þeim *Hrefnu Mariu* og *Hrefnu Margréti* fyrir góð störf í þágu félagsins og einnig *Þorvarði* sem hefur verið í 15 ár í stjórn félagsins. Formaður afhenti Porra málverk frá féluginu og þakkaði honum frábær störf í þágu félagsins. Þorri þakkaði fyrir sig, sagði að þetta hefði greinilega ekki í verið leiðinlegt úr því hann hefði verið í þessu í öll þessi ár.
- f. Jón Finnur Hansson, gerði að umtalsefní að niðurlútur félagsmaður hefði komið á hans fund og kallað eftir að meira yrði gert fyrir karla í féluginu. Konurnar ættu sitt Kvennakvöld og kennareið en karlarnir ekki. Lagði til að karlar sameinuðust í að skipuleggja sína viðburði og byrjuðu á að halda kótelettukvöld fljótlega. Einnig að mætti skipuleggja fleiri viðburði, reiðtúra, grilla saman og fleira. Vel var tekið í það af fundarmönnum.
- g. *Guðrún Oddsdóttir* fráfarandi formaður reiðveganefndar sagðireiðveganefnd hefði unnið frábært starf undanfarin ár og verið dugleg að leita eftir styrkjum hjá opinberum aðilum. Mikið hefði áunnist svo sem reiðvegur niður Almannadalinn, í gegnum Rauðhóla, lýsing og öryggishandrið meðfram Breiðholtsbraut. Allt væri þetta unnið í sjálfböðaliðastarf. Hún hvatti félagsmenn að virða reglur um bann við akstri á reiðvegum og völlum félagsins og hvatti félagsmenn til að fara eftir lögum og sýna svæðinu virðingu. Hún greindi frá því að nefndin hefði fengið úthlutað 2 ja milljóna kr. styrk úr sameiginlega reiðvegasjóðnum, þar sem úthlutað var 10 milljónum sem skiptist á milli 8 félaga. Guðrún sagðir einnig frá 2 verkefnum sem við yrðum að vera vakandi yfir. Annað væri að mótmælt lokun reiðvegar,

Vatnsveituvegar, frá Stíflu að Sprengisandi. Hitt væri að það væri búið að skipuloggja hjólabrú yfir Elliðaár skammt frá göngubrúnni við reiðveginn. Þar þyrfti að gæta að hraðahindrunum, öryggismálum, gæta þessað þarna myndaðist ekki blint horn. Fylgja þyrfti þessu eftir þegar þetta fær í kynningu.

- h. *Birgir Rafn Gunnarsson*, tókr undir orð Guðrúnar um reiðvegi, hann og Valdimar Jónsson hefðu verið í forsvari reiðvega í mörg ár. Gladdi hann að nú sé búið að endurbýggja reiðveginn í gegnum Rauðhóla sem aldrei mátti laga þar sem þeir voru friðlýstir, kraftaverk að væri búið að opna þessa fallegu leið. Þakkaði stjórn og framkvæmdastjóra. Hann sagði eldri Fáksfélaga hefðua kornið saman mánaðarlega og kallaði hann eftir fundi í maðþyrjun til að skipuleggja vorferð. Talaði um hvað sorglegt væri að sjá hálfþbyggð hús í Almannadal, sum í 10 ár. Félagið þarf að ýta við þessu. Hann taldi að reiðskemma við gafi félagsheimilis passaði ekki, en fagnaði þó reiðskemmu.
- i. *Heiðar Breiðfjörð* úr Almannadal. Þakkaði fráfarandi stjórn góð störf. Reiðvegamál væru til fyrirmynðar og eins snjóruðningurinn frábær. Bæta þyrfti úr merkingum um að bannað væri að keyra reiðvegi. Þar sem hann bíi í Almannadal vildi hann vita hvað eigi að gera þar á næstunni. Hjörtur sagði Almannadalsvæðið væri flottasta hesthússvæðið á Höfuðbogarsvæðinu, algjör paradís. Fólk sem vildi byggja þar, setti það þó fyrir sig að 4 hús séu á inni lóð. Fákur fór af stað og væri verið að útæra þetta þannið að hvert hús væri skilgreint sem ein lóð. Teikning á annarri reiðskemmu væri í bígerð í stað þeirrar sem er þegar á skipulagi. Áhugi hefði aukist á svæðinu og að byggja þar. Mikið var í lagt svæðið á sínum tíma en hægt væri að byggja minni og ódýrari einingar. Hann sagði að félagsmenn þyrftuað gæta að því að tala hverfið ekki niður.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til þess að ganga frá fundargerð með ritara fundarins. Enginn hreyfði andmælum við því. Að því búnu þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund og sagði fundi slitið.



Helga Björg Helgadóttir, fundarritari



Sigurbjörn Magnússon, fundarstjóri